

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 1/2020
Fundarritari: Guðmundur Örn Sverrisson	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Ásgerður Magnúsdóttir (ÁM) formaður ungmennaráðs (fjarfundur) Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Harpa Ósk Valgeirsdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs Jón Halldór Jónasson (JHJ) formaður upplýsingaráðs Sævar Skaptason (SS) formaður fjármálaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Guðmundur Örn Sverrisson (GS) fjármála- og verkefnastjóri BÍS	Fundarstaður: Hraunbær 123 Dags: 21. jan. 2020 Frá kl. 18-21
Gestir: Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir og Silja Þorsteinsdóttir, fulltrúar alþjóðaráðs	
Fjarverandi: Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs og alþjóðaráðs	

Dagskrá:

Tími -mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn klukkan 18:45.	MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Engar athugasemdir, fundargerð samþykkt.	GS
90	3	Stjórnsýsla 1. Bækur á Eldshöfða, sjá fylgiskjal Minnisblað frá erindreka rætt. Fram kemur að núverandi stjórn hafi aðra stefnu í lagerhaldi. Tillaga er lögð fram að BÍS eigi jafn margar foringjabækur og verkefnabækur og umfram verkefnabókum fargað. Tillögu vísað til fræðsluráðs. 2. Fundartímar stjórnarfunda Ákveðið að halda plani fram að skátaþingi. 3. Tilboð í tjaldaleigu Forsaga málsins kynnt, SSR leigði reksturinn sl. sumar og hefur nú gert tilboð í reksturinn. Tilboðið kynnt efnislega sem og breytingar á því er varða gáma. Stjórn samþykkir tilboðið með breytingu. 4. Verkefni uppstillinganefndar Farið yfir ný ráð, heiti og hlutverk. Stjórn nýtir ekki rétt sinn til að auka fjölda í hverju ráði og því skal kjósa 3 í hvert ráð. Verkefni uppstillinganefndar er því að tryggja 3 framboð í hvert ráð og fullskipaða stjórn. 5. Sjóður-Kirkjubraut Forsaga málsins reifuð, stofnfé og tillaga lögð fram þess eðlis að sjóðsstjórn skipi skátahöfðingi, gjaldkeri og framkvæmdastjóri BÍS. Tillögu frestað. 6. Störf erindreka Farið yfir helstu verkefni erindreka og nauðsyn á forgangsröðun vegna anna. Fram kemur að verkefnastýring á	KÓ MM KÓ MM KÓ MM

		<p>ábyrgð erindreka hefur gefið góða raun. Fyrirspurn lögð fram um verkefni erindreka, henni er svarað efnislega.</p> <p>7. Stjórn ÚSÚ Tillaga lögð fram um að fækka í þriggja manna stjórn auk áheyrnarfulltrúa sem eru framkvæmdastjóri og staðarhaldari. Tillögur að stjórn verður lögð fram á næsta stjórnarfundum og nauðsynlegt er að gefa út skipunarbréf. Tillagan er samþykkt. Athygli er vakin á því að ÚSÚ verður oft af tekjum frá BÍS þegar viðburðir skátastarfs eru haldnir annars staðar en í Útilífsmiðstöð skáta.</p> <p>8. Hádegismóar Rætt um reynslu af Hinu húsinu. Tillaga um tímabundna leigu á Toppstöðinni, framkvæmdastjóri skoðar.</p>	<p>KÓ</p> <p>MM</p>
<u>55</u>	5	<p>Viðburðir, útgáfa efnis og fræðsla</p> <p>1. Félagsforingjafundur Fundurinn verður haldinn 15. febrúar í Hraunbyrgi. Stefnan tekin á heimskaffiþema og að lágmarka fyrirlestra.</p> <p>2. Þema skátapings Tillaga lögð fyrir að þema skátapings sé „Skátastarf framtíðarinnar“ með vísan í stefnumótun BÍS 2020-2025. Tillagan er felld. GS og MM vinna málið áfram og leggja fram nýja tillögu.</p> <p>3. Einfaldaður hönnunarstaðall Stjórn kynnt að einfaldaður hönnunarstaðall sé tilbúinn og afhentur frá Tvist og næsta mál sé að afhenda félögum til notkunar.</p> <p>4. Fréttatilkynningar Jón Halldór kynnir tillögu um auknar fréttatilkynningar, 1-2svar í mánuði, og auka áherslu á sýnileika skátanna í fjölmiðlum. Rætt um efnisframleiðslu og miðlun efnis og ímyndarvinnu. Formanni upplýsingaráðs, skátahöfðingja og framkvæmdastjóra falið að skrifa minnisblað um málið.</p> <p>5. Verndum þau Námskeið á morgun, 22. janúar, og 30 manns skráðir. Skiptir miklu máli að foringjar og stjórnir sitji námskeiðið og skátarnir vilja gera betur.</p> <p>6. Fararhópur á heimsping skáta 2020 Farið yfir næstu þing og kostnað við þau sem og undirbúningshelgi sem haldin er í Róm í febrúar. Þing WAGGGS er styrkhæft. WOSM þing er í Egyptalandi í ágúst, undirbúningsfundur einnig í Róm. Einnig haldið Youth Forum, einnig haldið í Egyptalandi og er haldið nú í síðasta sinn. Tillaga lögð fram um að senda 2 á þing WAGGGS, 3 á þing WOSM – þar af 1 á Youth Forum. Fulltrúarnir undirbúi sig vel fyrir þátttöku á þingunum. Einnig 1 fulltrúa á undirbúningsfund fyrir hvort þing. Tillan er samþykkt. Alþjóðaráð falið að sækja um styrki vegna þinganna.</p>	<p>MM</p> <p>MM</p> <p>GS</p> <p>JHU</p> <p>KÓ</p> <p>Alþjóðaráð</p>

<u>13</u>	7	Önnur mál Erindi frá FOSE rætt. Stjórn telur að skátaþing og landsmót skáta sé ekki hentugur vettvangur þar sem um er að ræða viðburði sem fjöldi ófjárráða skáta sækir. Þess í stað er samþykkt að bjóða fulltrúa FOSE að halda erindi á Endurfundum skáta vorið 2020 og á félagsforingjafundi í febrúar. Fundi slitið kl. 21:17	
-----------	----------	---	--